

Gislasonar og Eggerts Claessens yfirréttarmálaflutningsmanna, 15 kr. til hvors.

Ídæmd gjöld greiðist áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 31. maí 1915.

Nr. 26/1915.

Jes Zimsen

f. h. h/f. P. J. Thorsteinsson & Co.
gegn

Eggerti Briem.

D ó m u r:

Mál þetta er, samkvæmt ómótmæltri skýrslu stefnda Eggerts bónda Briem, og öðrum gögnum svovaxið sem nú skal greina: Með skuldabréfi, dags. 3. sept. 1908, hafði áfrýjandi P. J. Thorsteinsson & Co. tekið 100000 kr. að láni hjá stefnda. Lánið skyldi afborga árlega með jöfnum afborgunum $\frac{1}{40}$ hluta upphaflegrar lánsupphæðar, eða, með 2500 kr. á ári. Sem vexti skyldi áfrýjandi greiða 5% á ári. auk 1% dráttarvaxta væru skil eigi gjörð á réttum tíma. Afborgun og vexti skyldi greiða 1. júní ár hvert, í fyrsta skifti 1. júní 1909. Höfuðstóllinn skyldi allur vera afturtækur, ef áskilin ársafborgun og vextir væru eigi greidd stefnda í síðasta lagi innan 3 mánaða frá því er hann hefði skriflega krafist áfrýjanda.

um áfallna greiðslu. Til tryggingar nefndum skuldbindingum hafði áfrýjandi veðsett stefnda með 1. veðrétti jörðina Viðey í Seltjarnarneshreppi 261.4 hndr. ný, að undanskilinni nánar tiltekinni lóðarspildu í suðurhorni eyjarinnar, alla áhöfn á jörðinni, öll hús og alt annað sem eigninni fylgir og fylgja ber. Veðskuldabréfið var fyrirfram innritað til þinglesturs 5. sept. 1908, en um þinglestur þess er ekki getið.

Áfrýjandi greiddi áskildar afborganir og vexti til 1. júní 1913. Síðasta greiðsla hans fór fram 2. júní það ár, og hafði hann þá afborgað alls 12500 kr., en 87500 kr. stóðu eftir. Nokkru eftir gjalddaga 1914, eða 10. júní það ár, skoraði stefndi skriflega á áfrýjanda að greiða þá áfallna ársafborgun og vexti innan 3 mánaða, en er ekki varð úr greiðslu, lét stefndi gera fjárnám í veðinu og síðan setja veðið til uppboðs, og var 3. uppboð haldið 16. okt. f. á. Hæsta boð í veðið gerði málaflutningsmaður einn í Reykjavík fyrir hönd banka í Kaupmannahöfn, og nam það 60000 kr. Veðið var þó eigi slegið hæstbjóðanda, með því að stefndi hefði áskilið sér í uppboðsskilmálunum þriggja daga frest til þess, hvort heldur að samþykkja hæsta boð, eða fá veðið útlagt sér til eignar »fyrir hæsta boð«, ef eigi yrði boðið nægilega mikið í veðið til þess að fullnægja kröfum hans, og skyldi líta svo á, sem áfrýjandi hefði borgað við hamarshögg jafnmikið af skuld sinni og boðið nam. Stefndi lét leggja sér veðið út til eignar og höfðaði síðan mál á hendur áfrýjanda fyrir gestarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu með stefnu dags. 27. janúar þ. á. til greiðslu mismunar á upphæð kröfu sinnar á

hendur áfrýjanda og nefndu hæsta boði. En 16. okt. 1914 taldi stefndi sig hafa átt hjá áfrýjanda, að meðtöldum vöxtum, dráttarvöxtum og áföllnum fjárnáms og uppboðskostnaði alls 94017 kr. 14 aura, eða, að hæsta boði í veðið frádregnu, 34017 kr. 14 aura.

Málið var dæmt í gestarétti nefndrar sýslu 6. f. m. með þeim úrslitum, að áfrýjandi skyldi greiða stefnda 34017 kr. 14 aura með 5% ársvöxtum og 1% dráttarvöxtum frá 16. okt. f. á. og lúka málskostnað að skaðlausu.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. f. m. og krafist algerðrar sýknunar og málskostnaðar fyrir báðum réttum af hendi stefnda, en stefndi hefir af sinni hálfu krafist staðfestingar dómsins og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Áfrýjandi hefir í héraði og yfirdómi fært þá einu stæðu fyrir dómkröfum sínum, að stefndi, sem hafði ekki gert neitt boð í veðið á uppboðinu, hafi með því að láta leggja sér veðið út til eignar að svo vöxnu máli tekið það sem fullnaðarborgun á allri kröfu sinni. En sú varnarástæða á eigi við rök að styðjast, og þar sem áfrýjandi hefir eigi mótmælt kröfum stefnda að öðru leyti, hvorki upphæð skuldareftirstöðva, vaxta, dráttarvaxta né málskostnaðar, þá verður að samþykkja gestaréttardóminn í öllum greinum, en hvorki fjárnámi né uppboði hefir verið áfrýjað. Samkvæmt úrslitum þessum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Jes Zimsen f. h. h/f. P. J. Thorsteins-son & Co. greiði stefnda, Eggerti bónda Briem 25 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. júní 1915.

Nr. 17/1915.

Jóhann dómkirkjuprestur
Þorkelsson
gegn
Oddi Gíslasyni
f. h. Föns Örslevsveitar.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi, Oddur yfirréttarmála-flutningsmaður Gíslason, að fengna gjafsóknarleyfi, sem skipaður málaflutningsmaður Föns-Öslevsveitar á Fjóni í Danmörku gegn áfrýjanda Jóhanni dómkirkjupresti Þorkelssyni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, dags. 1. sept. f. á., til greiðslu alt að 4000 kr. skadabótum út af því, að áfrýjandi hafði gift Rasmus nokkurn Jörgen Knudsen, framfærsluskyldan mann í Föns Örslevsveit, er þegið hafði þar